

122. löggjafarþing 1997–98.  
Þskj. 735 – 414. mál.

## Frumvarp til laga

um afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28 4. febrúar 1952.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28/1952, með síðari breytingu, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í ljós hefur komið að sveitarstjórnir nýta ekki heimild í lögnum um álagningu og innheimtu gjalds af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, öðrum en íslenskum kvikmyndum og fræðslumyndum, allt að 10%, sem verja skal til menningar- og líknarfélaga í viðkomandi sveitarfélagi. Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn flutningsmanns á þessu þingi kom fram að leitað var upplýsinga frá öllum kaupstöðum landsins. Svör bárust frá 17 og í ljós kom að enginn þeirra nýtir sér þessa lagaheimild. Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður gerðu það en hættu því fyrir nokkrum árum. Þykir því ekki lengur forsenda fyrir umræddum lögum og er lagt til að þau verði afnumin.

### Fylgiskjal I.

#### Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um gjald af kvikmyndasýningum. (Þskj. 387, 244. mál.)

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða sveitarstjórnir leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar samkvæmt lögum nr. 28/1952 og hve lengi hefur það verið gert?
2. Hversu hátt hlutfall af aðgangseyri að kvikmyndasýningum er gjaldið og hve há hefur fjárhæðin verið árlega síðustu fimm ár, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Ráðuneytið leitaði upplýsinga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem sendi fyrirspurnina til allra kaupstaða á landinu. Svör bárust frá 17 sveitarfélögum af 31. Ekkert þeirra sveitarfélaga sem svar barst frá leggur nú sérstakt gjald á kvikmyndasýningar samkvæmt heimild í lögum nr. 28/1952. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær gerðu það áður en hættu því fyrir mörgum árum. Eftirfarandi er yfirlit yfir svör sveitarfélaganna:

Sveitarfélag	Svar
Reykjavíkurborg	Ekkert gjald, var lagt á áður en því hætt fyrir mörgum árum
Kópavogskaupstaður	
Seltjarnarneskaupstaður	Ekkert gjald, engar kvikmyndasýningar
Garðabær	Ekkert gjald
Hafnarfjarðarkaupstaður	Ekkert gjald
Mosfellsbær	
Reykjanesbær	
Grindavíkkaupstaður	
Sandgerðisbær	Ekkert gjald, engar kvikmyndasýningar
Akraneskaupstaður	Ekkert gjald
Borgarbyggð	Ekkert gjald
Stykkishólmur	
Snæfellsbær	Ekkert gjald, engar kvikmyndasýningar
Bolungarvíkurkaupstaður	Ekkert gjald, engar kvikmyndasýningar
Ísafjarðarbær	Ekkert gjald
Vesturbyggð	Ekkert gjald
Siglufjarðarkaupstaður	Ekkert gjald
Sauðárkrókskaupstaður	
Blönduósibær	Ekkert gjald
Akureyrarkaupstaður	Ekkert gjald, var lagt á áður en því hætt fyrir mörgum árum
Húsavíkkaupstaður	
Ólafsfjarðarkaupstaður	
Dalvíkurbær	
Seyðisfjarðarkaupstaður	Ekkert gjald
Neskaupstaður	
Eskifjarðarkaupstaður	
Egilsstaðabær	Ekkert gjald
Hornafjarðarbær	
Vestmannaeyjakaupstaður	
Selfoskaupstaður	
Hveragerðisbær	Ekkert gjald, engar kvikmyndasýningar

## Fylgiskjal II.

### **Lög um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28 4. febrúar 1952, með síðari breytingu.**

#### 1. gr.

Sveitarstjórnnum (bæjarstjórnnum og hreppsnefndum) er heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar, aðrar en sýningar íslenskra kvikmynda og fræðslukvikmynda.

#### 2. gr.

Gjaldið má vera allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, þegar frá honum hefur verið dreginn álagður skemmtanaskattur, enda séu þá eigendur kvikmyndahúsanna undanþegnir sætagjaldi.

3. gr.

Gjaldið skal ákvarðað af sveitarstjórn, sem einnig setur nánari reglur um gjalddaga þess og annað, er að innheimtu lýtur.

4. gr.

Gjaldinu skal varið til menningar- og lífnarmála í viðkomandi sveitarfélagi eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

5. gr.

Gjald samkvæmt lögum þessum má innheimta með lögtaki.

Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins, skal hann sæta allt að 1.000 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum.